



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



*Alþingi
Erindi nr. P/138/218/
komudagur 11.5.2010*

Alþingi
Samgöngunefnd
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík 11. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr 60/1998, með síðari breytingum, 567. mál

Samtök atvinnulífsins og Samtök ferðaþjónustunnar skila sameiginlegri umsögn um frumvarp þetta en með því er ætlunin að leiða í lög ákvæði Evróputilskipunar nr. 2009/12 frá 11. mars 2009 um gjöld fyrir afnot flugvalla. Meginefni þeirrar tilskipunar er að tryggja gagnsæi við ákvörðun þeirra gjalda sem flugrekendur greiða fyrir afnot af flugvöllum og sjá til þess að komi upp ágreiningur um ákvörðun sem tekin hefur verið um gjöld þá eigi flugrekendur kost á því að kæra þá ákvörðun til óháðs aðila sem úrskurðar um deiluefnið.

Nú eru ákvæði laga þannig (71. gr. 1. nr. 60/1998) að ráðherra staðfestir gjaldskrá og á stórum flugvöllum (71. gr. a.) starfar notendanefnd þar sem unnt er að fá ágreining ræddan á tveimur fundum.

Með frumvarpinu (7. og 8. gr.) er lagt til að ekki þurfi lengur staðfestingu ráðherra á gjaldskrá. Þar með er rekstraraðilum minni flugvalla lagt sjálfðæmi um gjaldskrána. Flugrekendur á stærri flugvöllum, þar sem ekki er unnt að leysa ágreining í notendanefnd, munu öðlast kærurétt til Flugmálastjórnar sem kveða á upp endanlegan úrskurð á stjórnslustigi.

Það er mat Samtaka atvinnulífsins og Samtaka ferðaþjónustunnar að hér sé ekki um að ræða fullnægjandi innleiðingu á tilskipuninni þar sem kveðið er á um óháðan úrskurðaraðila komi upp ágreiningur um gjaldskrá. Flugvellir eru í opinberri eigu og reka einokunarstarfsemi hver á sínum stað. Flugmálastjórn er sömuleiðis opinber stofnun og með hliðsjón af víðtæku hlutverki hennar sem varðar ýmsa þætti flugvallarreksturs er hér með lýst verulegum efasemdum um að hún geti gengt hlutverki hins óháða aðila sem gerð er krafa um í Evróputilskipuninni.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Það er alveg nauðsynlegt að til verði óháður aðili sem getur úrskurðað um ágreining um gjaldskrár og er bent á fordæmi um úrskurðarnefndir sem finna má í öðrum lögum sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og sbr. 31. gr. l. nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Verði ekki fallist á að sett verði á laggirnar sérstök óháð úrskurðarnefnd þá er eindregið lagt til að ákvæðum 71. gr. og 71. gr. a í lögum um loftferðir verði ekki breytt þannig að 7. og 8. gr. frumvarpsins verði felldar brott áður en það verður að lögum. Þannig yrði ráðherra hér eftir sem hingað til að staðfesta gjaldskrár og yrði þannig að taka afstöðu til þess ágreinings sem uppi kann að vera hverju sinni.

Ekki eru gerðar athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins en umræddar 7. og 8. gr.

Virðingarfyllst,

Pétur Reimarsson, forstöðumaður.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri.